

HAFNARFJARDARBÆR



[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)



#### 4. fundur Starfshóps um Ásvelli, haldinn á Ásvöllum, þann 16. október 2018, kl. 16:00.

---

##### Viðstaddir voru.

##### Starfshópur.

Kristinn Andersen, formaður  
Anna Karen Svövudóttir  
Jón Garðar Snædal Jónsson  
Samúel Guðmundsson  
Águst Sindri Karlsson

forföll

##### Með starfshópnum starfa:

Sigurður Haraldsson	Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu	forföll
Geir Bjarnason	Íþróttá- og tómstundarfulltrúi	
Rósa Steingrímsdóttir	Sviðsstjóri fjármálasviðs	forföll
Magnús Gunnarsson	Framkvæmdastjóri Hauka	

---

Eftirfarandi var tekið fyrir.

##### 1. Skoðunferð í Fífunu í Kópavogi og Reykjaneshöllina

Á móti starfshópnum í Fífunni tók Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri Breiðabliks og Sölvi Guðmundsson rekstrarstjóri og fór þeir með starfshópinn um aðstöðuna í Fífunni. Fram kom í máli þeirra að Fífan væri sprunginn vegna mikillar aðsóknar í húsið sem hefði þrefaldast í fjölda síðan húsið var tekið í notkun. Húsið er í fullri notkun frá 8 á morgnanna þegar eldri borgar hópast í húsið í heilsubótargöngu. Lítill salur þar sem fólk sest niður á mótaum og þegar horft er á leiki nýtist einstaklega vel fyrir félagsstarf eldri borgara. Ef Breiðablik væri að byggja nýtt hús myndu þeir passa upp á að koma fyrir geymslum fyrir mörk og búnað má vera í óupphituðu rými og þá myndu þeir hafa upphitunarsvæði annars vegar við enda hússins þannig að æfingahópar geti hitað upp fyrir æfingu inn í húsinu til að nýta betur vallaraðstöðuna.

Í Reykjaneshöllinni tók á móti starfshópnum Hafsteinn Ingibergsson umsjónarmaður íþróttamannvirkja og fór hann yfir aðstöðuna með starfshópnum. Fram kom í máli hans að knattspyrnuhöllin væri mjög þétt setinn og hefði þurft að vísa hópum og keppnisleikjum frá. Húsið væri í notkun frá 8 á morgnanna þegar eldri borgarar mættu til að ganga og fram til 22 á kvöldin. Hjá honum kom fram að búningsklefar hefðu verið byggðir og helmingi of litlir og byrftu knattspyrnuliðin sem kæmu til keppni 2 klefa hvert sem væri bagalegt vegna nýtingar hússins fyrir keppni. Geymslusvæði fyrir mörk og annan búnað fyrir húsið vantar alveg og eru mikil vandræði með geymslur á mörkum ofl. Á efri hæð yfir búningsklefum er lítt salur sem nýtist fyrir keppnir og félagsstarf en hefði að mati Hafsteins nýst betur hefði hann verið á neðri hæð og mögulega búningsklefar á efri hæð. Mjög lítið svæði 1-1,5m er frá velli að ca 1 m breiðu göngu svæði. Völlurinn

Sigurður Haraldsson

uppfyllir ekki öryggiskröfur og þá er hæð undir þakbita langt undir reglum þ.e. 11 m við hliðarlínu.

Ýmislegat fleira var rætt og farið yfír hvað betur mætti fara, ef framkvæmdin væri endurtekin í dag. Var þetta hin ágætasta skoðunarferð, sem mun nýtast vegna hönnunar knatthúss á Ásvöllum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:30

Næsti fundur verður að Ásvöllum þriðjudaginn 23. október kl. 17:00.